

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Brussel 17. mars 1993 í einu fullgildu eintaki á ensku sem skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar. Vörsluaðili skal senda staðfest endurrit til allra ríkja sem undirrita og allra ríkja sem gerast aðilar að samningi um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna.

In witness whereof the undersigned plenipotentiaries, having been duly authorized thereto, have signed this Protocol.

Done at Brussels, this 17th day of March 1993, in a single authentic copy in the English language which shall be deposited with the Government of Sweden. The Depositary shall transmit certified copies to all Signatory States and States acceding to the Agreement on a Committee of Members of Parliament of the EFTA States.

AUGLÝSING

um breytingu á samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Hinn 27. desember 1993 var utanríkisráðuneyti Svíþjóðar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar um breytingu á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjanna frá 2. maí 1992 um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirrituð var í Brussel 24. nóvember 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 32/1993 þar sem samningurinn er birtur. Tilkynt verður um gildistöku bókunarinnar síðar.

Hægt er að fá aðgang að texta bókunarinnar í utanríkisráðuneytinu.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. desember 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um gildistöku rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna frá 9. maí 1992 um loftslagsbreytingar öðlast gildi 21. mars 1994, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1993.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. desember 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.